

V. KAFLI
Um skógarítök.

3
6. marz

28. gr.

Ákvæði V. kafla laga nr. 100 frá 1940, um skógarítök og aflétting þeirra, skulu gilda áfram til ársloka 1955.

29. gr.

Eftir staðfestingu þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri, án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

VI. KAFLI
Um sektir, málsmeðferð o. fl.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—10000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt og varnir gegn upplæstri lands, og lög nr. 10 frá 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt, og lög nr. 58 frá 25. maí 1950, um breyting á sömu lögum, svo og fyrri málsgrein 15. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Gjört í Reykjavík, 6. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

4
14. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 20. gr. laganna orðist á þessa leið:

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda. Sé engin ákvörðun tekin, skal skipta-fundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það eða þau börn fyrir, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi for-eldra sinna á jörðinni eða unnið búinu að staðaldri og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir (sbr. 26. gr. laganna).

4

14. marz

Aftan við 27. gr. laganna komi:

2. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kys helzt, og fer þá um leigumála samkv. 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landsstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, er nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára frá því hann fékk viðbótarlandið.

3. gr.

Í stað 1. másl. 29. gr. laganna komi tveir másl. á þessa leið:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni frá því, er aðalfasteignamat fór fram. Það mat skal framkvæmt af úttektarmönnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

5

14. marz

L Ö G

um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 7. gr. laga nr. 93 25. febr. 1954, um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952, hef látið fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 og laga nr. 87 15. des. 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, og gef þau út þannig breytt:

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.